

Miðvikudaginn 29. október 1952.

Kærumálið nr. 20/1952.

**Arngrímur Jónsson sem fyrirsvarsmaður
kirkjujarðanna Odda, Langekru, Vindáss,
Kraga og Sólvalla**

gegn

**Jóni Egilssyni, eiganda og ábúanda Sela-
lækjar, Guðmundi Einarssyni og Ísleifi Páls-
syni.**

Setudómari próf. Ármann Snævarr
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Staðfestingar vættis synjað, sbr. 1. tl. 2. mgr. 127. gr. laga
nr. 85/1936.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Björnsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð ásamt samdómsmönnum Ágústi Andræssyni og Páli Björgvinssyni.

Með kæru 10. október þ. á., sem hingað barst 14. s. m., hefur sóknaraðalili kært til Hæstaréttar úrskurð merkjadóms Rangárvallasýslu, er upp var kveðinn 7. s. m.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og þeim Guðmundi Einarssyni og Ísleifi Pálssyni verði heimilað að staðfesta skýrslur sínar fyrir merkjadómi Rangárvallasýslu 7. október þ. á. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðilinn Jón Egilsson krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðiljarnir Guðmundur Einarsson og Ísleifur Pálsson hafa átt þess kost að tjá sig um kærumál þetta, en ekki hafa þeir haft uppi neinar kröfur í málinu.

Telja verður, að Guðmundur Einarsson, Sólvöllum, og Ísleifur Pálsson, Langekru, séu svo við aðalmálið riðnir, að synja beri um staðfestingu skýrslna þeirra fyrir dómi, sbr. 1. tl. 2. málsg. 127. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða

varnaraðiljanum Jóni Egilssyni kærumálskostnað, er ákveðst kr. 300.00. Að öðru leyti fellur kærumálskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Arngrímur Jónsson sem fyrirsvarsmaður Odda, Langekru, Vindáss, Kraga og Sólvallda, greiði varnaraðilja, Jóni Egilssyni, eiganda og ábúanda Selalækjar, kr. 300.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður landamerkjadóms Rangárvallasýslu 7. október 1952.

Vitnamál þetta, sem þingfest var í merkjadómi Rangárvallasýslu 4. október 1952 til öflunar gagna í hæstaréttarmálinu nr. 40/1949: Arngrímur Jónsson f. h. kirkjujarðanna Odda, Langekru, Vindáss, Kraga og Sólvallda gegn Jóni Egilssyni f. h. Selalækjar, var tekið til úrskurðar sama dag.

Fyrir merkjadóminn komu sem vitni Guðmundur Einarsson bóndi, Sólvöllum, og Ísleifur Pálsson bóndi, Langekru innan Rangárvallahrepps. Í dóminum var lagt fram yfirlýsingarskjal, dómskj. nr. 1, sem bæði þessi vitni kváðu sig hafa undirritað, en þau undirrita sem stjórnendur Hrossa-ræktarfélagis Rangvellinga. Annað þeirra, Guðmundur Einarsson, kvað vitnastefnanda, Arngrím Jónsson, hafa ritað efni skjalsins. Hitt vitnið, Ísleifur Pálsson, kvaðst ekki vita, hver hafi ritað skjalið. Nokkrar spurningar voru lagðar fyrir vitnin, og svöruðu þau þeim. Umboðsmaður vitnastefnda, Jóns Egilssonar, mótmælti framburði vitnanna sem röngum, vilhöllum og óstaðfestum og þegar kom til staðfestingar, mótmælti hann einnig, að vitnin fengju að staðfesta framburðinn, og byggði andmæli sín á því, að vitnin væru svo við riðin aðalmálið, þar eð einn aðili þess væri fyrirsvarsmaður ábýlisjarða vitnanna. Auk þessa væri framburður vitnanna hvikull. Að hinu leytnu krafðist umboðsmaður vitnastefnanda þess, að vitnin fengju að staðfesta framburð sinn, hagsmunir vitnanna af úrslitum aðalmáls væru eigi þess eðlis, að standa ætti í vegi fyrir staðfestingu, og einnig væri framburður þeirra skýr.

Í merkjadómi kom til þess, að bæði þessi vitni breyttu framburði sínum frá því, sem í yfirlýsingu þeirra greindi, um atriði, sem álitast verður veigamikilið, að því er til aðalmáls tekur.

Samkvæmt framlögðu endurriti af hæstaréttarstefnu í aðalmálinu, dags. 2. febr. 1949, er sóknaraðili þess, Arngrímur Jónsson, fyrirsvarsmaður kirkjujarðanna Odda, Langekru, Vindáss, Kraga og Sólvallda. Allar þessar jarðir eiga samstöðu um málsefnið, þar sem deilt er um landamerki milli þessara jarða sameiginlega annars vegar og Selalækjar hins vegar. Nú er það vitað, að vitnin eru landsetar fyrirsvarsmannsins og ábúendur kirkjujarðanna Sólvallda og Langekru. Alkunna er það, að ábúendur jarða,

sem eigi eru einnig eigendur, hafa ýmsum skyldum að gegna um uppihald margvislegrar réttarvörzlu varðandi ábýlisjörðina. Kemur ábúandinn oft fram sem fullgildur fyrirsvarsmaður ábýlisjarðarinnar, og þykir eigi sjaldan jafnvel traustara að hafa reyndan og þaulsætinn ábúanda í fyrirsvari en eiganda sjálfan, þegar miklu þykir varða. Fer slíkt að vonum, þar eð slíkum ábúanda er þegar orðið annt um hag og reisn jarðarinnar aflöngum og daglegum viðskiptum þeirra á milli. Má því vel skilja, að hann þykist hafa bæði siðferðilegra og efnalegra hagsmuna að gæta í málefnum þeim, sem jörðina beinlínis áhræra. Ábúandinn hlýtur því jafnaðarlegast í máli, sem varðar landamerki ábýlisjarðar hans, að láta sig það verulegu skipta, hvern veg málinu reiðir af. Slík afstaða þykir eðlilega mjög nálgast aðild máls, ef þá ekki beinlínis um aðild ræðir.

Í vitnamáli þessu og með hliðsjón af því, sem áður greinir um óskýrleika vitnanna í skýrslum þeirra, verður að telja tengdir vitnanna við aðalmálsefnið og væntanleg úrslit þess svo nánar, að eigi þykir hlýða, að þau hafi þess kost að staðfesta skýrslur sínar með eiði eða drengskaparheiti.

Því úrskurðast:

Vitnunum Guðmundi Einarssyni og Ísleifi Pálssyni skal synjað þess að staðfesta með eiði eða drengskaparheiti skýrslur sínar, sem fram komu í merkjadóminum 4. október 1952.

Föstudaginn 31. október 1952.

Nr. 46/1951. **Ákærvaldið** (Þórólfur Ólafsson)
gegn

Agnari Bogasyni (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómarl próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Meinyrði. Brot gegn 108. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Hér fyrir dómi hafa verið lögð fram nokkur ný gögn í málinu, þar á meðal skýrslur rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík og endurrit úr lögregluþingbók Reykjavíkur af prófum þeim, sem fram fóru út af láti manns þess, sem lögreglan í Reykjavík fann meðvitundarlausan á gangstétt fram-